2. gr.

Vegna skerðinga, sem verða í hörpudisksveiðum í Arnarfirði, Húnaflóa, Breiðafirði og Hvalfirði skal á fiskveiðiárinu 2005/2006 úthluta aflamarki sem samtals nemur 1.411 þorskígildistonnum til báta, sem aflahlutdeild hafa í hörpudiski á áðurgreindum svæðum.

Við útreikning uppbóta er miðað við að skerðingin verði ekki meiri en 30% frá meðalafla áranna 1996 til 2005. Verðmætastuðullinn fyrir hörpudisk er 0,32, miðað við þorskígildi, og koma 13 lestir í hlut báta frá Arnarfirði, 64 lestir í hlut báta við Húnaflóa, 1.307 lestir í hlut báta við Breiðafjörð og 27 lestir í hlut báta við Hvalfjörð.

3. gr.

Úthluta skal uppbótum til einstakra báta á grundvelli þeirrar aflahlutdeildar, sem þeir hafa í rækju og skel á viðkomandi svæði og miðast við aflahlutdeild eins og hún er 1. ágúst 2005. Uppbæturnar skulu skiptast á eftirgreindar tegundir: Þorsk, ýsu, ufsa og steinbít í hlutfalli við leyfilegt heildarmagn í þessum tegundum.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. september 2005.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 4. ágúst 2005.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

Nr. 721 4. ágúst 2005

REGLUGERÐ

um sérstaka úthlutun skv. 9. gr. a í lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

1. gr.

Úthluta skal á hverju fiskveiðiári 3.000 lestum af þorski, miðað við óslægðan fisk, til báta sem höfðu aflahlutdeild 1. desember 1998 og voru þann dag minni en 200 brúttótonn, enda hafi þeir landað þorskafla á fiskveiðiárinu 1996/1997 eða 1997/1998. Auk þess er heimilt að úthluta allt að 60 lestum samtals af þorski til báta, sem komu í stað annarra báta á tímabilinu 1. september 1997 til 17. mars 1999, enda sé að öðru leyti fullnægt skilyrðum settum í 9. gr. a liðar í lögum nr. 38/1990.

2. gr.

Úthluta skal í upphafi hvers fiskveiðiárs til einstakra báta hlutfallslega miðað við heildaraflamark þeirra í þorskígildum talið.

Við útreikning á úthlutun skv. 1. mgr. skal miða við aflahlutdeildarstöðu báta eins og hún var 1. desember 1998, úthlutað heildaraflamark fiskveiðiársins 1998/1999 og verðmætastuðla á því fiskveiðiári, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 448/1998, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1998/1999.

3. gr.

Við úthlutun samkvæmt reglugerð þessari skal þorskaflamark einstakra báta ekki aukast um meira en 100%, miðað við úthlutað aflamark í upphafi viðkomandi fiskveiðiárs og enginn bátur hljóta hærri úthlutun en 10 lestir miðað við óslægðan fisk. Úthlutun þessi skal aldrei

leiða til þess að heildaraflaheimildir einstakra skipa í upphafi viðkomandi fiskveiðiárs verði meiri en 450 þorskígildislestir samtals.

4. gr.

Verði breytingar á skipakosti útgerðar er henni heimilt að flytja rétt til úthlutunar yfir á annan bát í hennar eigu. Umsóknir um slíkan flutning, ásamt fullnægjandi gögnum, skulu hafa borist Fiskistofu eigi síðar en 31. júlí, eigi flutningurinn að hafa áhrif á úthlutun aflamarks á fiskveiðiári því sem hefst 1. september næst á eftir.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með, síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. september 2005.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 4. ágúst 2005.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

4. ágúst 2005 Nr. 722

REGLUGERÐ

um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárið 2005/2006.

1. gr.

Á fiskveiðiárinu 2005/2006 skal úthluta 4.010 þorskígildislestum til stuðnings byggðarlögum sbr. 2. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Magn þetta skiptist á eftirgreindar fisktegundir, miðað við slægðan fisk, þannig: Þorskur 2.992 lestir, ýsa 1.587 lestir, ufsi 1.209 lestir og steinbítur 197 lestir.

Af 4.010 þorksígildislestum skal miðað við að 2.000 þorskígildislestum sé ráðstafað til minni byggðarlaga sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og háð eru veiðum og vinnslu á botnfiski. Minni byggðarlög teljast í þessu sambandi byggðarlög með færri íbúum en 1.500, miðað við 1. desember 2004.

Þá skal miðað við að 2.010 þorskígildislestum sé ráðstafað til sveitarfélaga, sem orðið hafa fyrir óvæntri skerðingu á heildaraflaheimildum fiskiskipa, sem gerð hafa verið út og landað afla í viðkomandi byggðarlögum og sem veruleg áhrif hefur haft á atvinnuástand í þeim.

Skipting 4.010 þorskígildislestanna samkvæmt 2. og 3. mgr. er notuð við útreikning á hlut hvers byggðarlags og skal sá kostur ávallt valinn fyrir hvert byggðarlag sem gefur því mestar aflaheimildir skv. 2.–3. gr.

Aðeins koma til greina byggðarlög sem sótt hefur verið um stuðning fyrir til sjávarútvegsráðuneytisins á grundvelli auglýsingar ráðuneytisins frá 5. júní 2005.

2. gr.

Ráðuneytið skal reikna út hve miklar aflaheimildir, sbr. 2. mgr. 1. gr., koma í hlut hvers byggðarlags. Við þann útreikning skal gefa hverju byggðarlagi punkta sem fundnir eru þannig: